



27. nóvember 2023
MSS23030140

Minnisblað

Viðtakandi: Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Joanna Marcinkowska, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Ráðstefna umsjónarfólks verkefnisins Fjölmeningarborgir, 13 – 15. nóvember Bilbao, á Spáni

Joanna Marcinkowska fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar tók þátt í ráðstefnunni Fjölmeningarborgir í Bilbao á Spáni. Ráðstefnan var skipulögð af Evrópuráðinu sem verkefnið Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities) er hluti af. Reykjavíkurborg er þátttakandi í verkefninu frá árinu 2014. Fundurinn er haldinn að hausit ár hvertog er hluti af samningi sem verkefnið Fjölmeningarborgir býður upp á.

Um ráðstefnuna

Árlegur fundur umsjónarmanna Fjölmeningarborga miðar að því að gera úttekt á árangri verkefnisins, setja fram og ræða þær áskoranir og lausnir sem aðildarborgir mæta þegar unnið er að hag fjölmeningarsamfélaga, sem og að undirbúa starfsáætlun fyrir næsta ár.

Ráðgjafahópur verkefnisins

Á síðasta fundi í Bilbao fengu fundargestir skýrslu og áætlun frá starfi ráðgjafahóps verkefnisins sem greina frá nýjungum í starfi. Ráðgjafahópur var stofnaður sl. vor sl. kjölfar úttektar frá árinu 2022. Stofnun ráðgjafahópsins sem saman stendur af fulltrúum borgarinnar í verkefninu var lögð til sem aðgerð sem mun gera verkefnið skilvirkara og hagstæðara fyrir þátttökuborgir. Fulltrúi Reykjavíkurborgar situr í ráðgjafahópnum til ársins 2024.

Námskeið í fjölmeningarhæfni

Aðrir hápunktar voru meðal annars kynning um nýjar leiðbeiningar um námskeið í fjölmeningahæfni sem verkefnið gaf út og hvernig á að nota þær til að betrubæta þjálfun starfsfólks.

Þátttakendur fengu líka kynningu á fjölmeningaverkefnum sem Bilbao stendur fyrir, meðal annars heimsókn til hverfanna San Francisco, Bilbao La Vieja og Zabala með DIVERSITOURS, sem vann Eurocities verðlaunin 2023 fyrr á þessu ári í flokknum „From human global mobility to local community cohesion“.

Árlegir fundir verkefnisins Fjölmeningarborgir er mikilvægur vettvangur til að mynda tengslanet með sérfræðingum í inngildingum og fjölmeningu, auk þess sem þeir gefa tækifæri til að aukinnar þekkingar í málefnum (hvaða málefnum?)